



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu



Erasmus+

SKANDIAVÍUFERÐ

Skólaárið 2018-2019

Bjarney Gunnarsdóttir
styrkþegi

Tveggja vikna námsferð til Norðurlanda á vegum verkefnisins
Job-shadowing for teaching and integration of bilingual students.

Fjármagnað af Erasmus+ menntaverkefni Evrópusambandsins.

Samningur nr. 2018-1-IS01-KA101-038753



GARÐABÆR



HAFNARFJÖRÐUR



Kópavogsbær



MOSFELLSBÆR



Reykjavíkurborg



SELTJARNARNES

Inngangur

Í byrjun desember hélt ég af stað í skólaheimsókn til Noregs, nánar tiltekið til Oslóar. Þar sem ég heimsótti Grunerløkka skole. Í skólanum eru um 500 nemendur í 1. - 7. bekk og 60 starfsmenn. Ferðin gekk vel og það var vel tekið á móti mér í skólanum. Ég fékk að að fylgjast með í tímum hjá mörgum kennurum og fékk því góða innsýn inn í kennsluhætti í mismunandi fögum. Ég fylgdi mest kennurum á yngsta stigi það er 1.-4. bekk. Það var gaman að sjá hve margt er líkt með skólastarfinu hér og heima en á sama tíma eru ýmsir hlutir töluvert frábrugðir. Meirihluti nemenda við skólann hefur annað móðurmál en norsku þó svo að flestir nemendur séu fæddir í Noregi.

Ég var svo heppin að fá Erasmus styrk til þessa að fara út og kynna mér hvernig kennslu er háttað hjá nemendum sem eru fjöltyngd. Hér á eftir fer ég nánar yfir skólastarfið í Grunerløkka skole með áherslu á það hvernig unnið er með nemendur sem hafa annað móðurmál en norsku. Auk þess að bera saman kennsluhætti hér og heima. Að lokum mun ég fjalla um minn lærdóm af heimsókninni og hvað við á Íslandi getum lært af skólastarfinu Grunerløkka skólanum.

Ferðatilhögun og framkvæmd

1. Skipulag og framkvæmd ferðar

Það gekk erfiðlega að finna skóla til að heimsækja. Annaðhvort fékk ég neitun frá skólum sem ég óskaði eftir að heimsækja eða fékk ekki svar. Þegar ég svo hringdi í skólastjóra Grunerløkka skole og ítrekaði póstinn minn fékk ég fljótlega svar um að tveir kennarar í 4. bekk væru til í að taka á móti mér. Í lok október var ég komin í tölvupóstssamskipti við þær Julie og Nathalie, umsjónarkennara í 4. bekk, um dagsetningar sem ég gæti komið í skólaheimsóknina. Við ákváðum að ég myndi koma í heimsókn fyrstu tvær vikurnar í desember. Ég flaug út til Noregs mánudaginn 3. desember og mætti í skólann þriðjudaginn 4. desember til þess að hitta kennarana og búa til skipulag fyrir næstu daga. Í viðhengi má sjá afrit af stundatöflunni sem ég fylgdi á meðan ég var í heimsókninni.

Skólastarfið var dálítið litað af því að jólamánuðurinn var byrjaður. Til að mynda var mikið um allskonar uppbot eins og jólaföndur, jóladagatal í sjónvarpinu, söngæfingar fyrir jólasýningu og 4. bekkirnir fóru á tónleika sem og á elliheimilið með Lúsíusöng. Einnig var eitthvað um veikindi þannig að tímaplanið sem við settum upp í byrjun breyttist í takt við veikindin og uppákomurnar. Það komu þó alltaf tímar í staðinn og það var mjög lærdómsríkt að fá að fylgjast svona náið með skólastarfinu.

Í 2. bekk var albanskur strákur sem var nýfluttur til Noregs frá Englandi. Hann hafði einnig búið á Ítalíu. Hann talaði þess vegna albönsku, ítölsku og ensku. Núna var hann byrjaður að læra sitt fjórða tungumál aðeins 7 ára gamall. Ég fékk að fylgja honum heilan dag auk þess sem hann var í einhverjum af þeim SPO-tímum sem ég sat. SPO eru svona stuðningstímar í norsku fyrir þá sem það þurfa. Síðasta daginn minn var svo morgunverðarhittingur með foreldrum. Þann dag var ég ekki með neina fyrirfram ákveðna tíma til þess að sitja heldur fór ég á milli staða. Ég flaug svo til baka heim til Íslands 15. desember og tók þátt í þriðju aðventuhelginni með fjölskyldunni minni.

2. Heimsóknarskóli/-ar

Grunerløkka skole er staðsettur í Grunerløkka hverfinu í Osló. Þetta er gamall skóli, sem hóf starfsemi árið 1895. Þá voru rúmlega 1.500 nemendur í skólanum. Nemendafjöldinn átti eftir að aukast upp í tæplega 2.500 nemendur þegar mest var en þá var skólinn tvísetinn. Núna eru um 500 nemendur í skólanum í 1.-7. bekk. Í 1. og 2. bekk eru fjórir bekkir í hvorum árgangi og 18-22 nemendur í hverjum bekk. Frá 3. bekk og upp úr eru þrjú bekkir í hverjum árgangi með 22-27 nemendum. Í skólanum starfa um 35 kennarar, 15 stuðningsfulltrúar og 10 manns sem sinna öðrum störfum, s.s. stjórnun, hjúkrun og húsnæðiskosti fyrir utan þrif. Eins og á Íslandi er frístundaheimili í skólanum sem tekur við börnum í 1.-4. bekk þegar skóla líkur.

Fæstir nemendur skólans hafa einungis norsku sem sitt móðurmál. Stór hluti nemenda eiga tvö móðurmál og tala norsku og eitthvað annað tungumál. Flestir nemendur skólans eða yfir 50% nemenda tala annað móðurmál en norsku. Meirihluti þeirra er þó fæddur í Noregi en eiga foreldra sem koma frá öðrum löndum. Eitt stærsta vandamálið sem skólinn glímir við er að þessi börn sem eru fædd í Noregi og alin þar upp hafa oft mjög litla norsku kunnáttu því þau gengu ekki í leikskóla. Foreldrar sem ekki setja börnin sín á leikskóla fá nefnilega greiðslu frá ríkinu. Erlendir foreldrar nýta sér þennan möguleika í mörgum tilfellum og það kemur niður á hugtakaskilningi barnanna.

Norskukunnátta foreldranna er líka takmörkuð. Erlendir nemendur sem eru nýfluttir til Noregs byrja líka reglulega í skólanum. Ég fékk til að mynda að hitta þrjá nemendur sem byrjuðu í skólanum á þessari önn og koma frá Sómalíu, Rúmeníu og Albaníu.

Hver kennslustund er 60 mínútur hér og almennur kennari er með 19 klukkustunda kennsluskyldu á viku. Umsjónarkennarar kenna 17,5 kennslustund á viku til þess að hafa auka tíma til að sinna umsjónarnemendum sínum. Fyrir utan kennsluna sinna allir kennarar gæslu í 1-2 klukkustundir á viku. Skóladagar nemenda eru 190 og starfsdagar kennara eru fimm. Skólaárið hófst þann 20. ágúst og jólafríð hefst 20. desember. Eftir áramótin hefst skólinn 2. janúar og lýkur 20. júní. Á hvorri önn er ein vika í haustfrí/vetrarfrí.

Einkunnarorð skólans eru umhyggja, þátttaka og öryggi. Skólinn leggur mikið upp úr því að nemendum og starfsfólki líði vel. Það er stefna skólans að allt starfsfólk skólans beri sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum skólans, ekki bara þeim sem þau kenna.

3. Lærdómur minn

Það var gaman að sjá hvað margt var líkt með skólastarfinu heima og hér úti. Samt var líka svo margt ólíkt. Ég komst að því hvað við erum framarlega að mörgu leiti. Eins og hvað varðar matarmenningu skólans. Hérna koma allir nemendur og starfsfólk með nesti fyrir allan daginn. Það var algengt að í nestistímanum væru krakkarnir að horfa á eitthvað. Reyndar var verið að sýna jóladagatal sem er skiljanlegt að sé sýnt í desembermánuði. En mér skildist á nokkrum kennurum að sjónvarpsáhorf væri mjög algengt í nestistímum og upplestur á bók hefur fengið að víkja. Það finnst mér dapurleg þróun því nógu mikill tími fer í skjááhorf hjá ungum börnum þó svo að það sé ekki daglega í skólastarfinu.

Ég fékk sérstaklega góða innsýn inn í hvernig unnið er með nemendur með annað móðurmál en norsku. Meirihluti nemenda í skólanum eru tví- eða þrítyngd og því voru margir kennarar að sinna þeim hópi. Skólinn fær líka töluvert háa greiðslu frá ríkinu fyrir hvern nemenda sem þarf auka norsku kennslu. Það sem mér fannst hvað áhugaverðast er hvernig norsku kennslan er uppsett. Þeir nemendur sem byrja í skólanum og kunna enga norsku fá fyrst 10-12 vikna umfangsmikla norskukennslu þar sem nemendur eru 3-5 saman í hóp og fá eina kennslustund á hverjum degi í svokölluðu NISK - prógrammi eða norsk intensívt sprákkurs. Þar er byrjað á grunnorðaförða og mikið unnið með myndir. Þegar þau eru tilbúin fara þau í svokallaða SPO tíma eða Ny-Norsk sem er nokkurs konar framhald af NISK- kennslunni. Þá er misjafnt hversu oft í viku þau mæta og hve margir nemendur eru saman í hóp. Nemendur geta þurft einstaklingskennslu en eru líka allt að 7 saman í hóp. Í Ny-Norsk og SPO tímum er unnið meira með hugtök og orðaförði aukinn.

Það er líka hópur sem fær sérstaka stærðfræðikennslu á norsku þar sem unnið er með grunnorðaförða í stærðfræði. Þetta eru aðallega nemendur í 3. bekk sem mæta í þessa tíma en einhverjir úr fjórða bekk koma líka. Yfirleitt eru fjórir nemendur í hóp og þau mæta þrisvar sinnum í viku. Námsfnið kemur frá Bretlandi og kallast 1st Class@Number. Þarna er stærðfræðin sett fram á mjög myndrænan hátt og leitast er eftir því að kenna hana í gegnum leik og fá nemendur til þess að finnast gaman að vinna með tölur og reikning.

4. Lærdómur fyrir íslenskt skólakerfi

Skólinn lánar öllum nemendum spjaldtölvu eða iPad sem þeir nota í skólanum og hafa með sér heim. Mikil verkefnavinna fer fram í spjaldtölvunum, bæði í skólanum og í gegnum heimanám. Það er nýjung hjá þeim að allir nemendur skólans frá 1.-7. bekk skulu vera með spjaldtölvu. Þetta hefur sína kosti og galla. Það eru til að mynda skiptar skoðanir um það hvort nemendur í 1. og 2. bekk þurfi á spjaldtölvum að halda og sumum kennurum finnst óþarfi að byrja svona snemma að vinna með spjaldtölvur. Þeim finnst mikilvægara að nemendur æfi fínhreyfingu handa og samhæfingu með því að skrifa og nota liti. Sem er að sjálfsgöðu líka lagt upp með hér og þau eru að reyna að finna milliveg milli þess að skrifa með blýanti á blað og pikka inn stafi af lykllaborði. Það eru til að mynda nemendur í 2. bekk sem geta auðveldlega skrifað orð og setningar í iPadinn en eiga erfitt með að skrifa stafina á blað eða spjald.

Það er mikil fjölbreytni fólgin í því að nota spjaldtölvur við verkefnavinnu. Nemendur sem eiga erfitt með að skrifa útskýringar geta til að mynda talað inn á tölvuna og skilað verkefnum sínum á munnlegan máta. Það virkar mjög vel fyrir einstaklingsmiðaða kennslu að gera nemendum kleift að svara spurningum og verkefnum á mismunandi hátt. Mörgum kennurum finnst líka auðveldara að sjá hverjir hafa skilað sínum verkefnum og yfirferð á verkefnum er þægileg sem og endurgjöf. Það er líka auðvelt fyrir nemendur að opna aftur verkefnin sín og leiðrétta þau.

Appið Showbie er mikið notað hér fyrir verkefnavinnu í spjaldtölvunni. Það er sett upp á frekar einfaldan og þægilegan hátt og sparar náttúrulega alla ljósritun og pappírnotkun. Inn á appinu er létt að flokka og skipuleggja öll verkefni, halda utan um einkunnagjöf og umsagnir. Einnig er hægt að stjórnumerkja vel unnin verkefni þannig að nemendur sjá greinilega hvernig þeir standa sig. Það er líka mjög auðvelt að setja fram spurningar og geta nemendur deilt með hvert öðru hugmyndum og vangaveltum auk þess að ræða saman í hópspjalli.

Í yngri bekkjunum er mikið af öppum sem þau nota bæði fyrir norsku og stærðfræðikennslu. Í stærðfræðinni leggja þau mikið upp úr því að tala um stærðfræði og fjalla um stærðfræðihugtök á myndrænan og skemmtilegan hátt. Í 1. og 2. bekk er notast við heildstætt námsefni sem kallast DragonBox. Þar er að finna verkefnabækur, námsefni á netinu, app og einingakubba sem allir hafa sitt nafn og tengjast sögum í námsefninu. Námsefnið er byggt upp með fjórum þrepum; könnun, umræðu, verklegri æfingu og að lokum endurskoðun.

Þó svo að tæknivæðing nútímans sé að mörgu leiti jákvæð tel ég að fara verði rólega af stað þegar skipt er yfir í spjaldtölvuvæðingu í grunnskólum. Persónulega finnst mér algjör óþarfi að mikill lærdómur fari fram í gegnum spjaldtölvur hjá 1.-4. bekk þó svo að ég telji jákvætt að yngri nemendur fái einhvern grunn í spjaldtölvunotkun. Það er þá hægt að velja í hvaða fögum spjaldtölvur nýtast hvað best. Til að mynda getur það hjálpað heilmikið í tungumálakennslu nemenda að hafa leiki og æfingar sem byggja upp orðaforða og hugtakaskilning.

Skólastarfið er mjög svipað uppbyggt í þeim skólum sem ég þekki til á höfuðborgarsvæðinu og heimsóknarskóla mínum í Osló. Þar má til dæmis nefna heimsóknir foreldra í skólann og samstarf skólans við nærsamfélagið, s.s. menningarviðburði og aðrar stofnanir hverfisins. Það sem ég tók einna helst eftir og finnst vera mjög jákvætt er að í Grunerløkka skole voru oft litlir hópar teknir út úr tímum í nokkurs konar stuðningskennslu. Það léttir á álaginu sem fylgir bekkjarkennslu og

nemendur sem þarfnast stuðnings fá meiri athygli. Einnig voru aðstoðarkennarar/stuðningsfulltrúar oft inni í bekkjum til þess að hjálpa nemendum sem þurftu á því að halda.

Lokaorð

Það var mjög áhugavert að fara í svona langa skólaheimsókn og lærdómsríkt að fá að fylgjast svona náið með skólafarfinu í erlendum skóla. Það er margt líkt með skólafarfinu í þeim skólum sem ég þekki til á Íslandi og í Grunerløkka skole. En einnig er margt ólíkt. Það sem mér fannst sérstaklega jákvætt við skólafarið úti er hvað byrjendur í norsku fá mikla norskukennslu og hvað er vel haldið utan um þá nemendur sem eru að stíga sín fyrstu skref í norska tungumálinu. Ég hvet skóla á Íslandi og yfirvöld til þess að setja fjármagn í fleiri íslenskutíma fyrir byrjendur í íslensku. Ég tel að það muni skila sér fljótt í mun betri námsmöguleikum fyrir nemendur sem eiga annað móðurmál en íslensku. Einnig fannst mér jákvætt hvað það eru oft teknir minni hópar út úr kennslustundum, bæði í norsku og stærðfræði.

Það var líka gaman að sjá hvað við stöndum frammarlega að mörgu leiti í okkar skólafari til að mynda er mjög jákvætt að á Íslandi er boðið upp á heitan mat í hádeginu. Ég tel það líka vera kost að greitt er fyrir gæslutíma kennara á Íslandi. Aftur á móti styð ég það alveg að umsjónarkennarar séu með minni kennsluskyldu til þess að hafa meiri tíma til að sinna sínum nemendum.

Ég vona innilega að þegar fleiri skólar á Íslandi fari að spjaldtölvuvæða námið að þá verði farið rólega af stað. Spjaldtölvunotkunin getur haft ýmsa kosti í för með sér en það eru líka margir annmarkar á sem að getur verið dýrmætt að halda í skefjum. Til dæmis finnst mér afskaplega sorglegt að í nestistímum var oftari verið að horfa á misuppbyggileg myndbönd eða myndir í staðin fyrir að hlusta á upplestur á bók. Einnig finnst mér dapurleg þróun þegar að yngri nemendur öðlast ekki nægjanlega færni í því að skrifa bókstafi á blað.

Ég er þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að fara í námsferð til Noregs og ég tel að lærdómur minn hafi nú þegar nýst mér og skólanum mínum til þess að gera betur við okkar nemendur sem eru af erlendu bergi brotin. Það er líka alltaf gaman að sjá hvað það er sem við erum að gera vel í skólafari Reykjavíkurborgar og hvaða hluti væri hægt að bæta.

Með undirritun þessarar greinargerðar staðfesti ég þátttöku mína í umræddri ferð og að hún endurspeglar sjónarmið mín og þá framkvæmd sem átti sér stað í ferðinni.

Staður: Reykjavík Dags: 12. janúar 2019

Bjarney Gunnarsdóttir Kennari í Vogaskóla

Nafn/þátttakandi

Ofangreind skýrsla verður birt á vef verkefnisins, <http://ssh.menntamidja.is>, til kynningar fyrir aðra um framkvæmdina.